



HRUNAMANNAHREPPUR

4. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

10. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2022, þann 18. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram

Dagskrá:

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

1. **NOS: Fundargerð stjórnar frá 29. júní sl.**

Oddviti kynnti fundargerð stjórnar NOS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar

2. **Skóla- og velferðarþjónusta Árnespings bs.: Fundargerð auka aðalfundar frá 29. júní sl.**

Oddviti kynnti fundargerð auka aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

3. **Bréf frá Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings frá 15. ágúst 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings þar sem farið er yfir fjölda mála á biðlista til talmeinafræðings ásamt áætlun um kostnað við nýtt stöðugildi en sveitarstjórn hafði áður óskað eftir þessum upplýsingum.

Sveitarstjórn þakkar umbeðnar upplýsingar og gerir ekki athugasemd við að ráðinn verði annar talmeinafræðingur á svæðið.

4. **Bréf frá stjórn Seyruverkefnisins frá 12. ágúst 2022.**

Oddviti kynnti boðsbréf frá stjórn Seyruverkefnisins vegna formlegrar opunar móttökustöðvar fyrir seyru sem haldin verður þann 25. ágúst nk.

Lagt fram til kynningar.

5. **Bréf frá Sigurhæðum frá 12. júlí 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá Sigurhæðum þar sem sveitarstjórn er boðið í heimsókn í Sigurhæðir til kynningar á starfsemi þeirra. Einnig er kynnt matsskýrsla á starfsemi og árangri Sigurhæða eftir fyrsta starfsárið.

Lagt fram til kynningar en sveitarstjórnarmenn munu þiggja boðið og er sveitarstjóra falið að skipuleggja slíka heimsókn.

6. **Bréf frá Háskólafélagi Suðurlands ódags..**

Oddviti kynnti bréf frá Háskólafélagi Suðurlands vegna beiðni um framlag ungmennaráða sveitarfélaga á Suðurlandi til Menntahvatar.

Sveitarstjórn vísar erindinu til ungmennaráðs til umfjöllunar.

7. Bréf frá Fræðsluneti símenntunar á Suðurlandi frá 15. ágúst 2022.

Oddviti kynnti bréf frá Fræðsluneti símenntunar á Suðurlandi þar sem óskað er eftir stuðningi hreppsins í formi afsláttar af leiguverði í félagsheimilinu eða fríum afnotum vegna fyrirhugaðs námskeiðs fyrir eldri borgara sem ætlað er að efla snjalltækjafærni íbúa þeirra.

Sveitarstjórn samþykkir að fella niður leigu vegna námskeiðsins enda er það allra hagur að sem flestir og þá ekki síst þeir sem eldri eru verði færir í notkun snjalltækja þar sem mikil þróun á sér nú stað á sviði stafrænnrar þjónustu sveitarfélaga og þá ekki síst á sviði velferðar- og félagsþjónustu.

8. Bréf frá Valdimar Jónssyni frá 20. júní 2022.

Oddviti kynnti bréf frá Valdimari Jónssyni vegna frumathugunar hans á uppbyggingu hjóla- og göngustíga í uppsveitum Árnessýslu. Var verkefnið styrkt af Vegagerðinni árið 2021.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með metnaðarfulla greinargerð um uppbyggingu hjóla- og göngustíga á svæðinu. Miklir möguleikar felast í því fyrir svæðið í heild ef að gert er ráð fyrir fjölbreyttari samgöngumátum en nú er gert. Í dag er erfitt að ferðast á milli staða nema akandi enda gerir vegakerfið ekki ráð fyrir því að hjólað sé eða gengið milli staða. Það væri afar jákvætt ef verkefni sem þetta fengi brautargengi og því felur sveitarstjórn sveitarstjóra að ræða erindi þetta við sveitarstjóra þeirra sveitarfélaga sem fjallað er um í greinargerðinni.

9. Minnisblað frá oddvita og sveitarstjóra frá 15. ágúst 2022.

Oddviti kynnti minnisblað frá oddvita og sveitarstjóra varðandi bundið slitlag frá gatnamótum Hrunavegar og að safnaðarheimilinu að meðtöldu bílaplani. Meðfylgjandi var einnig greinargerð frá formanni sóknarnefndar vegna málsins.

Sveitarstjórn þakkar sóknarnefnd það frumkvæði sem hún hefur sýnt í málinu og samþykkir að taka þátt í framkvæmdinni um kr. 4.721.950,- sem er í fullu samræmi við fyrri bókanir sveitarstjórnar. Gerð verður grein fyrir því hvernig kostnaði verði mætt með viðauka við fjárhagsáætlun síðar á árinu.

10. Minnisblað frá oddvita og sveitarstjóra frá 15. ágúst 2022.

Oddviti kynnti minnisblað frá oddvita og sveitarstjóra varðandi aukna upplýsingagjöf til íbúa og málefni heimasíðu.

Sveitarstjórn samþykkir að nú þegar verði hafinn undirbúningur að endurnýjun heimasíðu sveitarfélagsins með það fyrir augum að bæta upplýsingagjöf til íbúa varðandi málefni sveitarfélagsins og efla kynningu á því út á við. Sveitarstjóra er falið að leita að aðilum sem reynslu hafa í hönnun heimasíðna fyrir sveitarfélög og leita meðmæla með hönnunaraðilum. Tillaga verði í kjölfarið lögð fyrir sveitarstjórn um þjónustuaðila þar sem gerð verður grein fyrir væntum kostnaði og umfangi verksins.

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að útgáfa Pésans, fréttabréfs Hrunamannahrepps, verði endurskoðuð og hönnun og prentun falin Prentmet ehf á Selfossi til reynslu í samræmi við tilboð sem kynnt var á fundinum. Sveitarstjóra ennfremur falið að útbúa hóflega gjaldskrá fyrir auglýsingar sem vonandi myndu að einhverju leyti standa undir þeim kostnaði sem fellur til við þessa breytingu.

11. Tillaga frá L-listanum ódagss.

Daði kynnti tillögu frá L-listanum þar sem lagt er til að fundargögn sveitarstjórnar verði gerð opinber á heimasíðu sveitarfélagsins í anda opinnar stjórnsýslu.

Sveitarstjórn samþykkir að stefnt skuli að því hið allra fyrsta að fundargögn verði aðgengileg með fundargerðum sveitarstjórnar. Er tillagan í góðu samræmi við þær umræður sem sveitarstjórnarmenn hafa átt að undanfögnu og þær breytingar sem framundan eru varðandi gagnsæi og upplýsingagjöf og samþykktar hafa verið undir lið 11 á þessum fundi.

12. Göngum í skólann verkefnið.

Oddviti kynnti verkefnið Göngum í skólann sem verður sett í sextánda sinn 7. september næstkomandi. Markmið verkefnisins er að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni.

Sveitarstjórn felur skólastjórnendum að kynna verkefnið fyrir börnum og foreldrum/forráðamönnum þeirra og jafnframt er erindinu vísað til skólanefndar.

13. Minnisblað frá Eflu verkfræðistofu frá 10. ágúst 2022.

Oddviti kynnti minnisblað frá Eflu verkfræðistofu um gatnagerð og lagnir í nýju hverfi Byggð á Bríkum á Flúðum, en ætlunin er að bjóða út verkið nú í haust.

Sveitarstjórn samþykkir að um leið og útboðsgögn eru tilbúin verði fyrsti áfangi uppbyggingar á Byggð á Bríkum boðinn út. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir 25 íbúðum, 2x4íbúða raðhús, 2x3íbúða raðhús, 4 parhús og 3 einbýlishús. Er hér um að ræða stærstu einstöku lóðaúthlutun í sveitarfélaginu í áraraðir. Í útboðinu verði gert ráð fyrir 260m húsagötu og 120m stofnvegi að götunni. Ennfremur 216m langri lagnaleið fráveitu og kaldavatns. Möguleiki verði á stækkun verksins með annarri götu sem þá yrði 220m að lengd.

Vert er að geta þess að upphaf framkvæmda við hverfi sem þetta er ávallt kostnaðarsamara heldur þeir áfangar sem á eftir koma en hér verður til dæmis fráveita fyrir allt hverfið lagt í stofninn.

Um leið og framkvæmdir hefjast og framkvæmdatími liggur fyrir verður hægt að úthluta umræddum lóðum. Má búast við að það verði í desember eða í síðasta lagi í janúar. Kostnaður við umrætt verk fellur að stærstu leyti til á árinu 2023 en áhrifum vegna þess sem fellur til á árinu 2022 verður mætt með viðauka við fjárhagsáætlun sem gerður verður í september. Sveitarstjórn samþykkir einnig að fela sveitarstjóra að kalla eftir tillögum frá íbúum að nöfnum á göturnar í hverfinu. Skuli tillögur annað hvort enda á -byggð eða -tangi enda er slík ending í takti við staðhætti.

14. Heilsueflandi samfélag - kynning.

Gunnar starfsmaður Heilsueflandi samfélags mætti á fund sveitarstjórnar með kynningu á verkefnum sínum.

Sveitarstjórn þakkar Gunnari fyrir greinargóða yfirferð og góð störf.

15. Næsti fundur sveitarstjórnar

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn fimmtudaginn 1. september 2022 kl. 14:00.

Mál til kynningar:

a. Lykiltölur Þjóðskrár fyrir Hrunamannahrepp.

Sveitarstjórn fagnar sjálfvirkri skýrslugerð þjóðskrár þar sem fram koma ýmsar tölulegar staðreyndir um Hrunamannahrepp. Í skýrslu ágúst mánaðar sem hér er lögð fram til kynningar kemur fram að íbúum hefur fjölgað í Hrunamannahreppi um 27 frá 1. desember 2021 og eru þeir nú 855 talsins. Erlendir ríkisborgarar eru 27,1% af heildaríbúatölu hreppsins. Í Hrunamannahreppi eru nú 278 íbúðir í sérbýli, 39 íbúðir í fjölbýlishúsum og 384 sumarhús.

Meðalaldur kaupenda húsnæðis í Hrunamannahrepp fer lækkandi og er nú 42,8 ár. Þegar horft er til fyrstu kaupenda þá er meðalaldur þeirra 27,6 ár og þeir keyptu íbúðir sem voru að meðaltali 154,4 m². Til gamans má geta þess að algengasta nafnið í Hrunamannahreppi er Sigurður(14) en fast á hæla því fylgir Anna(13) og svo Margrét(11).

b. Fundargerð aðalfundar Flúðaorku frá 13. júní ásamt fylgigögnum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:21.